

Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

42. fundur, haldinn í Gamla bókasafninu, Setbergi. Miðvikudaginn 9. janúar 2013,
kl.19:00

Fundinn sátu: Valgerður Fjölnisdóttir, Kristbjörg Víðisdóttir, Jóhanna Margrét Sigurðardóttir, Jón Foss Guðmundsson, Þórdís Dröfn Andresdóttir, Elín Lára Baldursdóttir, Sverrir Þrastarson, Yngvi Freyr Óskarsson og Christine Mae Velasco

Afboðuðu: Elísa Guðjónsdóttir, Arnór Björnsson, Páll Herbert Jóhannsson, Jóhanna Kristín Ástþórsdóttir, Regína Ósk Garðarsdóttir, Daði Snær Ingason, Einar Baldvin Þórðarson, Brynhildur Ýr Jónsdóttir, Birgitta Ósk Bates Gústafsdóttir og Ólöf Andrea Antonsdóttir

Fundargerð ritaði: María Birna Jónsdóttir, starfsmaður Ungmennaráðs

Dagskrá:

1. Fundarstjóri

Samþykkt að Christine Mae Velasco sjái um undirbúning og stýri næsta fundi sem verður 23. janúar 2013

2. Bréf frá Evrópu unga fólksins

Lagt fram bréf frá Evrópu unga fólksins. Boðið er uppá námskeið laugardaginn 19. janúar. Starfsmaður sendir inn nöfn þeirra sem munu sækja námskeiðið. En eftirfarandi fulltrúar fara á umrætt námskeið: Jóhanna Margrét Sigurðardóttir, Jón Foss Guðmundsson, Þórdís Dröfn Andresdóttir, Sverrir Þrastarson og Elín Lára Baldursdóttir

3. Bréf frá bæjarráði

Lagt fram bréf frá bæjarráði Hafnarfjarðar. Valgerður Fjölnisdóttir, áheyrnarfulltrúi Ungmennaráðs í Íþrótt- og tómstundarnefndinni mun leitast eftir því að fá nánari útskýringar á innihald bréfsins. Þannig verður væntalega umsögn Ungmennaráðs á umræddu málefni

4. Önnur mál

Ungmennaráð lýsir yfir ánægju sinni á snjómokstri bæjarins

Ungmennaráð leggst gegn því að byggðar séu háar byggingar á Strandgötunni. Ef byggt verður á lóð Strandgötu 26-30 þá mælum við með að sú bygging verði í svipaðri hæð og eldri byggingar í sömu götu.

Auð verslunarhúsnæði á Norðurbakkanum. Hvernig væri að vera með sumarmarkað þar og auka þannig líf á þessu svæði?

Umræður um sölu á áfengi og eiturfum á skólalóðum.

Flest ungmennahús á Norðurlöndunum bjóða uppá starfsmannaráðgjöf fyrir ungt fólk. Í skólum er boðið uppá námsráðgjöf og er það ágætt fyrir þá sem vantar ráðgjöf varðandi nám. En þeir sem eru ekki í skóla ættu að geta snúið sér til aðila sem er ótengdur skólanum.

Mikil umræða um hraðahindranir og hringtorg. Of mikið af bröttum hraðahindrunum, þarf að lækka þær. Einnig veltir Ungmennaráð fyrir sér hvort ekki sé hægt að fara aðrar leiðir í að tryggja öryggi bæjarbúa en eru hringtorg full mörg hér í bæ.

Næsti fundur áætlaður 23. janúar 2013. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:04